

Ræstingadeild.

Ræstingastjóri 1,0 staða

Aðalborðsalur.

Verkstjóri 1,0 staða

Eldhús.

Yfirmatsveinn 1,0 staða

*Reykjavík, 20. janúar 1995.**Ellis- og hjúkrunarheimilð Grund.***Guðrún B. Gísladóttir** forstjóri.**AUGLÝSING****um skrá Vinnu- og dvalarheimilis Sjálfsbjargar skv. 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.**

Vinnu- og dvalarheimili Sjálfsbjargar (VDS) er sjálfseignarstofnun. Þar er rekin starfsemi á grundvelli 4. og 5. tl. 24. gr. laga nr. 97/1990 um heilbrigðisþjónustu. Lög nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna taka m. a. til starfsmanna sjálfseignarstofnana og liggur fyrir yfirlýsing stjórnar VDS að um starfsmenn tilgreindra stéttarféлага gildi ákvæði laga nr. 94/1986 eftir því sem við getur átt sbr. 2. gr. laganna. Í dag varða löginn starfsmenn stofnunarinnar innan eftirgreindra stéttarféлага: Starfsmannafélags ríkisstofnana, Sjúkraliðafélags Íslands, Félags íslenskra sjúkrapjálfa, Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga, Stéttarfélags íslenskra félagsráðgjafa og Iðjubjálfafélags Íslands (kjarafélags iðjubjálfa).

Í 19. gr. laga nr. 94/1986 eru tilgreindir þeir, sem ekki er heimilt að gera verkfall og í 3. tl. 1. mgr. 19. gr. er tilgreint, að heimild til að gera verkfall nái eigi til þeirra, sem starfa við nauðsynlegustu öryggisgæslu og heilbrigðisþjónustu.

Í 2. mgr. 19. gr. er gert ráð fyrir að skrá yfir þá, sem falla undir 3. tl. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 sé birt opinberlega. Fer hér á eftir skrá yfir þá starfsmenn Vinnu- og dvalarheimilis Sjálfsbjargar í ofangreindum stéttarfélagum sem óheimilt er að gera verkfall:

Heimilisdeildir.

Þar eiga lögheimili 43 mikið fatlaðir einstaklingar sem ekki verða sendir af heimili sínu þó komi til verkfalls. Einnig eru þar 2 skammtímavistrými.

Á heimilisdeildum starfa 3 hjúkrunarfræðingar í fullu starfi (einn á hverri hinna þriggja hæða heimilisins). Gert er ráð fyrir að allir hjúkrunarfræðingarnir sinni störfum komi til verkfalls. Á heimilisdeildunum starfa einnig 12 sjúkraliðar í 9,8 stöðugildi. Gert er ráð fyrir að 6 sjúkraliðar í 5,0 stöðugildi sinni störfum komi til verkfalls. Stöðurnar raðast þannig: 3 sjúkraliðar í fullu starfi á morgunvakt, 1 sjúkraliði í 70% stöðugildi á næturvakt og 2 sjúkraliðar í samtals 1,3 stöðugildi á kvöldvakt.

Mötuneyti.

Rekstur mötuneytis tengist fyrst og fremst heimilisdeildunum og er því óhjákvæmilegt að reka þá starfsemi komi til verkfalls. Því skulu 5 starfsmenn í 5,0 stöðugildi sinna störfum komi til verkfalls.

Á grundvelli 6. tl. 1. mgr. 19. gr. er eftirtöldum starfsmönnum VDS óheimilt að gera verkfall:

Framkvæmdastjóra, skrifstofustjóra sem jafnframt er staðgengill framkvæmdastjóra, hjúkrunarforstjóra, forstöðumanni endurhæfingarstöðvar, forstöðumanni Dagvistar, forstöðumanni eldhúss, forstöðumanni reksturs fasteignar, ræstingarstjóra og launafulltrúa.

Reykjavík, 12. janúar 1995.

Vinnu- og dvalarheimili Sjálfsbjargar.
Tryggvi Friðjónsson framkvæmdastjóri.

AUGLÝSING

um skrá Hrafnistu D.A.S. Reykjavík skv. 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Skrá yfir þá sem falla undir 4. - 6. tl. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Framkvæmdastjóri	0,5 stöðugildi	Skrifstofu- og fjármálastjóri	1 stöðugildi
Aðstoðarframkvæmdastj.	1,0 stöðugildi	Starfsmenn launadeildar	2 stöðugildi

Skrá yfir þá sem falla undir 3. tl. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Hjúkrunarforstjóri	1,00 stöðugildi	Yfirlæknir	0,60 stöðugildi
Hjúkrunarfr.næturvakt alla daga	1,40 stöðugildi	Læknar	1,20 stöðugildi
Hjúkrunarritari	1,00 stöðugildi	Læknafulltrúi	1,00 stöðugildi
Lyfjafræðingur	0,25 stöðugildi		

Hjúkrunardeildir

Á hjúkrunardeildum eru aldraðir sjúklingar í langtímadvöl, er Hrafnista Reykjavík því heimili þeirra og verða þeir ekki útskrifaðir annað. Hjúkrunardeildirnar eru 5 með 114 rúm samtals.